



## Ársskýrsla 2010



Maí 2011

## Efnisyfirlit

|                                               |    |
|-----------------------------------------------|----|
| Inngangur .....                               | 2  |
| Hluthafar félagsins .....                     | 2  |
| Stjórn félagsins.....                         | 3  |
| Starfsmenn félagsins .....                    | 3  |
| Starfsstöð og starfssvæði .....               | 3  |
| Stefnumótun félagsins .....                   | 4  |
| Stoðkerfi atvinnulífsins .....                | 4  |
| Samstarfs- og verkefnasamningar .....         | 5  |
| Vaxtarsamningur Norðausturlands (VAXNA) ..... | 5  |
| Helstu verkefni ársins.....                   | 6  |
| Hvatningarverðlaun AP .....                   | 10 |
| Rekstur ársins og framtíðarhorfur .....       | 10 |

---

**Umsjón skýrslu:** Starfsmenn AP

**Ljósmyndir:** Ari Páll Pálsson, Frank Bradford o.fl

**Prentun:** Örkin

**Forsíðumynd:** Ari Páll Pálsson

## Inngangur

Síðasta starfsár var nokkuð viðburðaríkt ef horft er til innri mála félagsins. Í framhaldi af ákvörðunum síðasta aðalfundar hefur efnahagsreikningur félagsins verið styrktur með innborgun á nýju hlutafé. Í aðdraganda hlutafjárukningarinnar var ráðist í stefnumótun fyrir félagið með þátttöku eigenda og annarra haghafa á starfssvæðinu. Mikil eindrægni kom þar fram varðandi nauðsyn fyrir tilvist félagsins og eins hver helstu verkefni þess skyldu vera.

Megin vandi félagsins liggur hins vegar í því að ekki er nægjanlegt samræmi á milli skilgreindra verkefna og mönnunar þess annars vegar og svo þess rekstrarfjár sem til ráðstöfunar er hins vegar. Kemur það fyrst og fremst til af miklum niðurskurði fjárveitinga frá ríkisvaldinu, bæði fastra framlaga en þó sér í lagi í niðurskurði á verkefnatengdum framlögum.

Skipulag stoðkerfis atvinnulífsins, sem atvinnuþróunarfélögin eru hluti af, er og hefur verið til skoðunar og mikilvægt að heimamenn sem eigendur félaganna beiti sér þannig að þau geti áfram sinnt mikilvægu hlutverki sínu á sviði samfélagsþróunar hvert á sínu svæði.

## Hluthafar félagsins

Í árslok 2010 voru hluthafar félagsins 17 að tölu, en þeim hefur fækkað undanfarin ár með sameiningu stéttarféлага og sveitarféлага á svæðinu. Snemma árs 2011 var hlutafé félagsins aukið um 10 mkr. að undangenginni niðurfærslu eldra hlutafjár, en hvort tveggja var samþykkt á aðalfundi félagsins 2010. Tóku flestir eldri hluthafar þátt í aukningunni en einnig bættust tveir nýir hluthafar í hópinn, Þingið – félag iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslu og Starfsmannafélag Húsavíkur. Þegar þetta er ritað eru hluthafarnir því 19 og skiptist eignarhaldið á félaginu þannig:

| Hluthafi                      | Hlutafé   | Prósenta |
|-------------------------------|-----------|----------|
| Norðurþing                    | 4.956.042 | 47,200%  |
| Þingeyjarsveit                | 1.919.920 | 18,285%  |
| Fræ ehf.                      | 1.066.049 | 10,153%  |
| Skútustaðahreppur             | 759.139   | 7,230%   |
| Sparisjóður S.-Þingeyinga     | 494.402   | 4,709%   |
| Sparisjóður Þórshafnar        | 305.271   | 2,907%   |
| Framsýn - stéttarfélag        | 286.659   | 2,730%   |
| Byggðastofnun                 | 159.280   | 1,517%   |
| Verkalýðsfélag Þórshafnar     | 142.506   | 1,357%   |
| Tjörneshreppur                | 118.182   | 1,126%   |
| Þingið                        | 98.861    | 0,942%   |
| Starfsmannafélag Húsavíkur    | 98.861    | 0,942%   |
| Mannvit                       | 33.228    | 0,316%   |
| Garðræktarfélag Reykhverfinga | 21.823    | 0,208%   |
| Hótel Reynihlíð               | 21.823    | 0,208%   |
| Kísiliðjan hf                 | 10.619    | 0,101%   |
| Svalbarðshreppur              | 5.309     | 0,051%   |
| Björn St. Haraldsson          | 1.593     | 0,015%   |
| Jónas Reynir Helgason         | 434       | 0,004%   |

## Stjórn félagsins

Á aðalfundi AP 2010 sem haldinn var á Edduhótelinu í Stórutjarnarskóla 23. júní voru kjörin sem aðalmenn í stjórn félagsins Aðalsteinn Árni Baldursson, Björn Víkingur Björnsson, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson og Sigurgeir Höskuldsson. Varamenn voru kjörnir Guðmundur Guðmundsson og Gunnólfur Lárusson. Á fyrsta fundi stjórnarinnar skipti hún með sér verkum. Var Sigurgeir Höskuldsson kjörinn formaður, Margrét Bjarnadóttir varaformaður og Björn Víkingur Björnsson ritari. Á starfsárinu hefur stjórnin haldið sex fundi.



## Starfsmenn félagsins

Líkt og undanfarin ár hefur starfsemi félagsins verið að dragast saman vegna skerðinga á fjárframlögum. Hefur þetta birst í fækkun starfsmanna og sérstökum tímabundnum samningum við starfsmenn um skert stöðuhlutföll og lækkun launa. Má segja að nú sé svo komið að vart verði lengra gengið í niðurskurði starfseminnar eigi félagið að standa undir þeim væntingum sem til þess eru gerðar og vikið er að annars staðar í ársskýrslunni.

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu urðu talsverðar breytingar á starfsmannahaldi félagsins á árinu. Hermann Larsen, sem um árabíl hafði séð um bókhald félagsins í tímavinnu, hætti störfum á vormánuðum 2010. Vilborg Arna Gissurardóttir sinnti markaðs- og kynningarmálum á grundvelli samstarfssamnings við Markþing ásamt stefnumótunarvinnu í ferðamálum. Í kjölfar stefnumótunarvinnu hjá Markþingi (nú Húsavíkurstofu) var þeim samstarfssamningi sagt upp og hætti Vilborg störfum hjá félaginu í framhaldi af því í apríl. Sif Jóhannesdóttir sem hafði umsjón með GEBRIS verkefninu, hætti störfum hjá félaginu í árslok þegar því verkefni lauk. Hún hefur þó áfram sinnt verkefnum á vegum Urðarbrunnss skv. sérstökum samstarfssamningi.

Í dag eru starfsmenn félagsins fjórir í 3,5 stöðugildum. Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri, Ari Páll Pálsson verkefnastjóri, Jóna Matthíasdóttir, verkefnastjóri sem einnig sinnir bókhaldi og Tryggvi Finnsson atvinnuráðgjafi í 50% starfi.

## Starfsstöð og starfssvæði

AP er með skrifstofuaðstöðu á þriðju hæð að Garðarsbraut 5 á Húsavík. Þar er félagið í góðu samfélagi nokkurra fyrirtækja og stofnana og er það fyrirkomulag með ágætum. Auk skrifstofuherbergja samnýtir félagið ýmsa aðstöðu með öðrum á hæðinni. Almennur opnunartími skrifstofunnar er virka daga frá 8-12 og 13-17. Vegna eðlis starfseminnar, t.d. verkefnavinnu eða funda, á víðfeðmu starfssvæði kemur þó fyrir að ekki er hægt að tryggja viðveru á skrifstofu alla daga.



Starfssvæði AP er stórt, tekur til um 18% af flatarmáli landsins þó svo að íbúafjöldinn sé aðeins um 1,5% af íbúafjölda landsins. Vegalengdir eru því miklar og vegakerfið æði margbreytilegt. Þó megin hluti starfstíma starfsmanna sé bundinn á skrifstofu fer ekki hjá því að starfsemi af því tagi sem rekin er á vegum AP krefst þess að starfsmenn hafi möguleika á að fara um svæðið með reglubundnum hætti. Þannig sýndi reynslan af GEBRIS verkefninu ljóslega fram á nauðsyn þessa, en verkefnið gerði það kleyft að auka viðveru starfsmanns félagsins á austursvæðinu og bæta þar með möguleika þess á að koma að verkefnum á ýmsum stigum. En þessi liður er kostnaðarsamur og í þeim þrönga fjárhagsstakk sem starfseminni er skorin þarf sífellt að meta hvernig tími og þekking starfsmanna nýtist sem best. Það er því sameiginlegt verkefni félagsins og eigenda þess að tryggja því þann rekstrargrundvöll að það geti verið virkt á starfssvæðinu öllu.

## Stefnumótun félagsins

Í ljósi mikilla breytinga í starfsumhverfi félagsins vegna hins mikla niðurskurðar á fjárframlögum til starfseminnar og í framhaldi af ákvörðunum aðalfundar um niðurfærslu eldra hlutafjár í félaginu og



endurfjármögnun þess, var ráðist í stefnumótunarvinnu fyrir félagið á haustdögum. Leitað var samstarfs við þekkingarnet Þingeyinga um verkstjórn og utanumhald um vinnuna og sá Guðlaug Gísladóttir um það. Þátttakendur í stefnumótunarvinnunni var breiður hópur úr baklandi félagsins, fulltrúar eigenda, viðskiptavina og annarra aðila úr atvinnulífinu á svæðinu, ásamt stjórn og starfsmönnum félagsins. Alls komu á fjórða tug einstaklinga að vinnunni og má segja að mikill samhljómur hafi ríkt um tilgang og markmiðssetningu félagsins sem þannig er skilgreindur í stefnumótunarskjalinu:

- Fjölgun atvinnutækifæra og starfa á starfssvæðinu:
  - Stuðningur við frumkvöðla og sprotafyrirtæki með þátttöku og þróun.
  - Hafa frumkvæði að nýjum atvinnuverkefnum á starfssvæðinu.
  - Virkja og efla mannauð á starfssvæðinu.
  - Ráðgjöf um fjármögnunarleiðir verkefna t.d. í formi lána, styrkja og áhættufjármagns.
- Stuðningur við starfandi fyrirtæki og sveitarfélög:
  - Veita leiðsögn og ráðgjöf á sviði rekstrar og nýsköpunar.
  - Samráðsvettvangur sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga í atvinnu- og byggðamálum.
  - Stuðningur og eftirfylgni viðskiptahugmynda og þróunarverkefna viðskiptavina.
- Gagnagrunnur og upplýsingaveita:
  - Sérþekking á auðlindum, sérstöðu og atvinnutækifærum svæðisins.
  - Skipulögð söfnun upplýsinga á sviði atvinnu- og byggðamála.
  - Gera upplýsingar aðgengilegar fyrir notendur þeirra.

Samhliða og sem innlegg í stefnumótunarvinnuna fór fram skoðanakönnun meðal sveitarstjórnarfólks og annarra haghafa á starfssvæðinu um viðhorf til félagsins og áherslur í starfi þess. Alls bárust um eitthundrað svör og kom fram yfirgnæfandi stuðningur við starfsemi félagsins og nauðsyn tilvistar þess.

Í framhaldi stefnumótunarvinnunnar hefur verið unnið að innleiðingu hennar með því að skilgreina verkefni sem unnið skal að til þess að ná fram þeim markmiðum sem fram hefur verið sett. Slíkt er eðli málsins samkvæmt langhlaup, en eins og önnur slík hefst það á fyrsta skrefinu.

## Stoðkerfi atvinnulífsins



Á árinu hefur talsverð vinna verið lögð í úttektir og skýrslugerð á því sem einu nafni hefur verið nefnt stoðkerfi atvinnulífsins, en þar er m.a. átt við atvinnuþróunarfélög, Byggðastofnun, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Ferðamálaráð, Íslandsstofu og Orkustofnun ásamt háskólum og ýmsum þekkingarstofnunum á borð við þekkingarsetur á landsbyggðinni.

Megin stef þess sem útúr öllu þessu hefur komið er að kerfið sé of flókið og nokkur skörun sé á verkefnum innan þess. Þá hefur komið fram vilji til þess að svæðisbundin starfsemi verði á forræði

heimamanna með bakstuðningi ríkisvaldsins, bæði fjárhagslega og þekkingarlega, eftir atvikum. Sú uppsetning fellur einnig vel að þeirri stefnumótun sem rætt er um við vinnslu sóknaráætlana landshluta, sem eru hluti Sóknaráætlunar 20/20.



Á miklu veltur að heimamenn á hverju svæði fylgi eftir þessum yfirlýstu áherslum enda virðist gæta ákveðinnar tilhneigingar til þess í miðlægri stjórnsýslu ríkisins að ganga skemmra í þessu en umræðan gefur tilefni til.

Innan héraðs hefur verið gott samstarf milli stofnana stoðkerfisins og hafa fulltrúar AP, Impru og Þekkingarnets Þingeyinga (ÞP) átt nokkra fundi þar sem samstarf og samnýting starfskrafta og þekkingar hafa verið til umræðu. Gert er ráð fyrir að unnt verði að taka ákvarðanir um formgerð þess síðar á árinu.

## Samstarfs- og verkefnasamningar

Eins og undanfarin ár hefur félagið með höndum framkvæmdastjórn og annan rekstur á vegum Héraðsnefndar Þingeyinga samkvæmt samningi frá 2007. Fellur þetta samstarf nokkuð vel að starfsemi félagsins og er til þess fallið að efla nauðsynleg tengsl þess við héraðspólitískt bakland sitt.

Eins og fram kemur í umfjöllun um starfsmannamál félagsins lauk því samstarfi sem verið hafði við Markþing, nú Húsavíkurstofu, frá árinu 2007 á vormánuðum.

GEBRIS (e. *Getting the Best out of Regional Innovation Systems*) verkefninu sem hófst árið 2007 lauk á árinu en verkefnið sem styrkt var af NICE (Norræna nýsköpunarsjóðnum) hafði það að markmiði að efla og styðja við nýsköpun í ferðaþjónustu á svæðinu frá Jökulsá að Bakkafirði. Sveitarfélögin þrjú á áherslusvæði verkefnisins, Langanesbyggð, Norðurþing og Svalbarðshreppur, lögðu fjármagn í verkefnið á móti NICE styrknum. Megin áhersla verkefnisins var á ferðaþjónustu og stofnaður var klasi ferðaþjónustufyrirtækja á svæðinu, Norðurhjar.



Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu tók félagið með sérstökum samningi við iðnaðarráðuneytið yfir eignir fyrrum Kísilgúrsjóðs og skal ráðstafa þeim til eflingar atvinnulífs og nýsköpunar á svæðinu, nánar tiltekið Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi og Norðurþingi. Eignirnar voru annars vegar peningalegar en einnig hlutafé í nokkrum fyrirtækjum. Á árinu var hlutafé í tveimur félögum selt og áfram er unnið að því að selja hlutafé í þeim sem eftir standa en þó er ljóst að erfitt getur reynst að losa þær eignir að fullu. Samningurinn var upphaflega til tveggja ára 2009-2010 og því liggur fyrir að framlengja hann, enda hefur eignunum ekki að fullu verið ráðstafað.

## Vaxtarsamningur Norðausturlands (VAXNA)

Árið 2010 var síðasta rekstrarár samningsins en gildistími hans var 2008-2010. Við gerð samningsins lögðu heimamenn á það áherslu að hann nýttist sem best til þess að styðja við það þróunarstarf sem fyrir var á svæðinu unnið að frumkvæði þeirra á vettvangi AP. Ríkisvaldið féllst á þau sjónarmið sem m.a. kom fram í verk- og fjárhagsáætlunum samningsins á fyrsta ári hans þar sem strax var gert ráð fyrir þátttöku hans í þróunarverkefnum sem voru í vinnslu eða bígerð á vegum eða með þátttöku AP. Var enda um að ræða verkefni sem byggðu annað hvort á frumkvæði fyrirtækja og frumkvöðla eða höfðu þann megin tilgang að stuðla að samstarfi aðila. Skv. þessu tók samningurinn þátt í 5 skilgreindum verkefnum árið 2008. Eftir því sem liðið hefur á samninginn hafa fleiri ný verkefni komið inn. Þannig tók samningurinn þátt í 12 verkefnum á árinu 2009, þar af voru 8 ný verkefni. Árið 2010 var svo samþykkt þátttaka í 27 verkefnum (seinni úthlutun fór þó ekki fram fyrr en í mars 2011) og þar af voru 24 ný verkefni. Samningurinn hefur því tekið þátt í 37 skilgreindum verkefnum á þessum þremur árum.

Þau verkefni sem samþykkt var að taka þátt í á árinu 2010 eru eftirfarandi:

Urður - tengslanet kvenna á Norðausturlandi  
Ferðamálaáætlun Norðausturlands - innleiðing,  
aðgerðir, samstarf





Edge of the Arctic - Norðausturland.is  
Fræðasetur um forystufé  
Efling ferðaþjónustu frá Jökulsá að Bakkafirði  
Samstarf safna og sýninga á Norðausturlandi  
Arctic Nature Experience  
Frjósemi búfjár og frumutala í mjólk – falinn áhrifavaldur?  
Heimafóður – átak til athafna  
Fuglastígur á Norðausturlandi  
Margmiðlunarefni um fugla Íslands  
Textahús  
Kryddum tilveruna  
Frjósemi búfjár-falinn áhrifavaldur? Framhaldsrannsóknir  
Heimafóður-áttak til athafna - Framhaldsverkefni  
Arctic Nature Experience II  
Fuglastígur á Norðausturlandi  
Uppbygging atvinnu- og mannlífs á Raufarhöfn  
Áframvinnsla á hrognum  
Útivistarfatnaður fyrir sportveiði  
Efling ferðaþjónustu frá Jökulsá að Bakkafirði  
Repjurækt í Öxarfirði og Kelduhverfi  
Menningarmiðstöð á Kópaskeri  
Svæðisbundin nýsköpun  
Þekkingar- og þróunarsetur í Þingeyjarsveit  
Þingeyskt og þjóðlegt, samstarfsverkefni  
Mývetnskt mólendi (MÝMÓ)

Frekari upplýsingar um einstök verkefni og framkvæmd VAXNA er að finna í sérstökum framvinduskýrslum sem aðgengilegar eru á heimasíðu félagsins.

Þegar þetta er ritað er unnið að gerð nýs vaxtarsamnings fyrir tímabilið 2011-2013 en verið er að samræma gildistíma allra vaxtarsamninga á landinu. Gert er ráð fyrir að nýju samningarnir verði í meginatriðum með svipuðu sniði og þeir sem nú hafa runnið sitt skeið að því þó undanskyldu að þróunarfélögin fá ekkert greitt af hendi ríkisvaldsins fyrir að reka samningana.

## Helstu verkefni ársins

Eins og undanfarin ár eru verkefni félagsins mjög fjölbreytt enda spannar verksviðið allt frá fyrstu aðstoð við fólk með hugmyndir að atvinnusköpun til stærri stefnumótunar- og þróunarverkefna sem taka til alls starfssvæðis félagsins. Talsverður tími starfsmanna fór í umsóknir í hina ýmsu sjóði sem ráðstöfuðu fjármunum til atvinnu- og byggðapróunarverkefna á árinu. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum þeirra verkefna sem unnið hefur verið að á árinu án þess að slík upptalning verði nokkurn tíma tæmandi.

**Stefnumótun í ferðaþjónustu á Norðausturlandi** er metnaðarfullt verkefni sem unnið var að frumkvæði AP í samstarfi við erlenda og innlenda sérfræðinga árin 2007-2009. Verkefnið fólst annars vegar í ítarlegu stöðumati og hins vegar aðgerðaáætlun sem á því byggðist. Árið 2010 var lokið við íslenska þýðingu á aðgerðaáætluninni sem upphaflega var unnin á ensku vegna aðkomu erlendra ráðgjafa. Í framhaldi af því voru haldnir fundir og hugmyndasmiðjur með hagsmunaaðilum víðsvegar á starfssvæðinu til að fylgja stefnumótuninni eftir. Á fundunum var farið yfir aðgerðaáætlunina almennt og þá greiningu og stefnumótun sem hún byggir á, þó með áherslum á mismunandi þemu og verkefni sem tengdust frekar viðkomandi svæði.



Í stefnumótuninni eru dregnar saman grunnupplýsingar um svæðið og hugmyndir hagsmunaaðila, þær settar í sameiginlegan farveg með það markmið að styrkja heildarímyndina og auka árangur og virði ferðaþjónustu á svæðinu. Þær afurðir sem stefnumótunarvinnan skilur eftir er ekki endanleg niðurstaða heldur mikilvægt innlegg og vegvísir í

áframhaldandi þróunarvinnu. Aðgerðaáætlunin sem þar er sett fram er heldur ekki gátlisti til að tékka við, heldur hugmyndabanki og verkfærakista sem hagsmunaaðilar geta sótt í og er þegar verið að nýta. Stefnumótunin er aðgengileg á vefsíðunni [www.atthing.is](http://www.atthing.is)

Ein af þeim megináherslum sem sett er fram í stefnumótuninni er áhersla á hugtakið **Geo-ferðamennsku** eins og það er skilgreint í stofnskrá *National Geographic* (NG) um sjálfbæra áfangastaði ferðamanna. Í samræmi við það, og í kjölfar ráðstefnu um Geo-ferðapjónustu í Mývatnssveit 2009, var AP í sambandi við Jonathan Tourtellot hjá NG um mögulega aðild Norðausturlands að stofnskránni og samstarf við NG. Hann heimsótti Ísland í ágúst og eftir skoðunarferð á svæðinu var fundað með hagsmunaaðilum þar sem hann kynnti hugmyndafræðina og framkvæmd hennar.



Önnur megin áhersla úr stefnumótuninni er þróun sterkar svæðisímyndar og vörumerkis. AP hefur fengið einkaleyfi á vörumerkinu **Edge of the Arctic**, sem hentar vel í markaðssetningu og ímyndarsköpun á svæðinu og hljómar vel með vörulínum. Þegar er farið að nota það í markaðssetningu og hefur það mætt góðum viðtökum aðila bæði innan svæðis og utan.

**Norðausturland.is** er samheiti eða hattur fyrir vinnu AP að sameiginlegu og samræmdu kynningarefni fyrir Norðausturland. AP hefur um árabil staðið fyrir þróun og útgáfu kynningarefnis í samstarfi við hagsmunaaðila á svæðinu. Afurðirnar eru margvíslegar; kort, bæklingar, auglýsingar og að sjálfsögðu kynningarefni á vefnum eins og verkheitið ber með sér. Kynningarefni á hverjum tíma tekur að sjálfsögðu mið af þörfum, efni og aðstæðum, og þau verkefni sem unnin hafa verið á þessum vettvangi undanfarið markast auðvitað af þeim áherslum sem fram koma í stefnumótun.

AP hefur um nokkurt skeið haldið úti opinberum vef ferðapjónustuaðila á Norðausturlandi á íslensku og ensku. Þar eru aðgengilegar myndir og upplýsingar um svæðið og auk þess ítarlegur þjónustulisti sem hægt er að leita í bæði eftir svæði og/eða tegund þjónustu. Slóðirnar eru [www.nordasturland.is](http://www.nordasturland.is) fyrir íslensku síðuna og [www.visitnortheasticeland.is](http://www.visitnortheasticeland.is) fyrir þá ensku. Í árslok var hafinn undirbúningur að breytingum í rekstri vefjarins sem miða að því efla hann en draga um leið úr viðhaldskostnaði.

Á árinu var útbúið kynningarefni til birtingar bæði í prentmiðlum, á ferðasýningum og á veraldarvefnum. Kynningarefnið er í sama stíl og vefsíða Norðausturlands og bæklingar um svæðið. Einnig voru keyptar auglýsingar í útvarpi. Byggt var á stefnumótun í ferðamálum til að vinna þematengt kynningarefni sem hefur verið nýtt fyrir ferðakaupendur, einstaklinga og fjölmiðlafólk.


Fulltrúar AP og Húsavíkurstofu tóku þátt í *Vestnorden* ferðakaupstefnunni, sem að þessu sinni var haldin á Akureyri sem og ferðasýningunni Íslandsperlur sem haldin var í Reykjavík í maí mánuði. Á þessum sýningum er Norðausturland kynnt sem áhugavert svæði að heimsækja.

Aukin ásókn í kynningarefni félagsins sýnir svo ekki verður um villst að það hefur sannað gildi sitt og jafnframt að þörfin fyrir það fer vaxandi. Vegna þröngrar fjárhagsstöðu hefur viðhald og uppfærsla kynningarefnis hins vegar verið takmarkað við brýna nauðsyn. Engir bæklingar eða kort voru endurprentuð á árinu en ljóst að endurnýjun þarf að eiga sér stað. Finna þarf verkefninu fastan farveg í samvinnu við hagsmunaaðila og er sú umræða hafin.

**Fuglastígur á Norðausturlandi** er verkefnishugmynd sem upphaflega spratt upp úr Strandmenningarverkefni sem AP var þátttakandi að. Undanfarin ár hefur nokkuð verið unnið að verkefninu í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands og hagsmunaaðila á svæðinu. Eftir undirbúning af hálfu AP var svo stofnað félag um verkefnið í mars 2010 og er það nú sjálfstæður lögaðili.







Mikil vinna var þó áfram lögð í Fuglastíg af hálfu AP á vordögum og í september gerði Fuglastígur samning við AP um verkumsjón sem nemur um 20% stöðugildi. Fuglastígur hlaut tvo styrki á starfsárinu, frá Nýsköpunarmiðstöð og frá Vaxtarsamningi Norðausturlands, hvorn að upphæð 1,5 millj. Í krafti þeirra náðist að halda úti öflugu starfi á árinu.


Eitt af stærri verkefnum félagsins var gerð og útgáfa fuglavísis í kortaformi, þar sem öðru megin er kort af Norðausturlandi með merkingum en hinu megin vönduð leiðarlýsing með myndum og öðrum upplýsingum. Í ágúst fóru tveir fulltrúar Fuglastígs á stærstu fuglaskoðunarkaupstefnu Evrópu, *Birdfair* sem haldin er árlega í Rutland á Englandi og sótt af 20 þúsund gestum. Ferðin heppnaðist vel og hlaut fuglavísirinn góðar viðtökur.

Margmiðlunarefni um fuglaskoðun á Norðausturlandi kom út á þremur tungumálum og er nú aðgengilegt á vefnum. Fram fór undirbúningur að vefsíðu fyrir Fuglastíg á léninu [www.birdingtrail.is](http://www.birdingtrail.is) sem mun opna á næstunni.

Undirbúningur var einnig hafinn að alþjóðlegri fuglaskoðunar- og ljósmyndaráðstefnu sem stefnt er að því að halda í Mývatnssveit í maí 2012. Fuglastígur kom að undirbúningsvinnu fyrir Fálkasetur Íslands sem stofnað var í mars 2011. Vinna við gerð upplýsingaskilta á fuglaskoðunarstöðum hélt áfram og eins studdi félagið við framtak einstakra félaga t.d. við uppsetningu fuglaskoðunarhúsa sem nú eru orðin nokkur á svæðinu.

**Norðurhjar ferðapjónustuklasi** er verkefni sem spratt úr GEBRIS verkefninu 2009, en það snerist um eflingu ferðapjónustu á svæðinu frá Jökulsá að Bakkafirði. Þátttakendur í klasanum voru frá upphafi allir starfandi ferðapjónustuaðilar á því svæði auk samstarfsverkefna og einstaklinga. Meginmarkmið klasans er að efla ferðapjónustu á svæðinu á svæðinu og leggja sitt af mörkum til þess að skapa og byggja upp ímynd svæðisins, m.t.t. sérstæðrar náttúru og sveita- og strandmenningar. Á fyrri hluta ársins 2010 stækkaði starfssvæði klasans við það að ferðapjónustuaðilar í Kelduhverfi bættust í hópinn.

Megin verkefni ársins fólust í tókum og gerð kynningarmyndbands um svæðið sem unnið var af *Profilm*. Myndbandið, sem er tæplega 15 mín. langt, var framleitt á íslensku, ensku og þýsku og er tilbúið til dreifingar. Klasinn stóð fyrir kynnisferð um starfssvæði sitt fyrir þjóðgarðsverði á Norðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Það



var gert í samstarfi við þjóðgarðinn og byggir á þeirri hugmynd að þangað kemur gríðarlegur fjöldi fólks og mikilvægt að starfsfólk þar þekki hvað svæðið austan þjóðgarðsins hefur upp á að bjóða. Norðurhjar tók þátt í *VestNorden* á Akureyri í samstarfi við aðra aðila á Norðausturlandi. Sif Jóhannesdóttir var verkefnisstjóri Norðurhjara 2010, í 20% starfi.

Á verkefnistímanum hefur orðið mikil þróun í ferðapjónustu á því svæði sem verkefnið tekur til, en erfitt er að meta hversu stóran þátt verkefnið á í þeirri uppbyggingu. Aukna samvinnu innan svæðis og út fyrir svæðið, öflugra markaðastarf og hvatningu til uppbyggingar má þó með beinum hætti rekja til GEBRIS verkefnisins.

**Snow Magic/Magic Seasons** er samheiti og framhald á þeim verkefnum sem vistuð hafa verið undir verkefnisheitinu Snow Magic og hófst á sínum tíma (2004/2005) sem NPP verkefni (*Northern Periphery Program of the EU*). Inntakið er efling afþreyingar á Mývatnssvæðinu með áherslu á vetrartímann til aukinnar tekjumyndunar í ferðapjónustu. Í upphafi árs 2009 tók Mývatnssstofa ehf yfir rekstur verkefnisins en aðkoma AP felst í öðrum stuðningi. Jólasveinarnir í Dimmuborgum eru aðdráttarafl á aðventunni en 1700 gestir komu í heimsókn á aðventunni 2010. Vegna skipulagsbreytinga hjá Mývatnssstofu sinnti starfsmaður frá AP verkefnastjórn á aðventunni að þessu sinni.

**Þingeyska matarbúrið (ÞM)** hefur það að markmiði að markaðssetja þingeysk matvæli, bæði sem framleiðsluvöru og einnig sem þátt í aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðamenn sem þannig eiga kost á því að kynna matarmenningu svæðisins í gegnum veitingastaði héraðsins.

Verkefninu var ýtt úr vör 2007 og stofnaður var formlegur klasi sem 21 fyrirtæki, framleiðendur og framreiðendur eiga aðild að en auk þeirra eiga Búgarður – ráðgjafarþjónusta í landbúnaði og

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga aðild að verkefninu. Verkefnisstjóri er vistaður hjá AÞ sem átti frumkvæði að verkefninu og hefur stutt það frá upphafi.

Auk markaðsdaga á svæðinu hefur ÞM, í samvinnu við norðlensku klasana Mat úr Eyjafirði og Matarkistuna í Skagafirði tekið þátt í sýningum utan þess, s.s. sýningunni Íslandsperlum í Reykjavík og ferðakaupstefnunni *VestNorden* sem að þessu sinni var haldin í Hofi á Akureyri. Þá var boðið uppá mat úr héraði á ferðasýningu um Ísland sem haldin var í Berlín í Þýskalandi í desember sl.

Í samvinnu við Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi var tekið á móti blaðamanni frá breska tímaritinu *Food & Travel* sem heimsótti nokkra veitingastaði innan ÞM og sú umfjöllun mun birtast í sumar.

**Safnaþing** er klasasamstarf fyrirtækja, stofnana og félaga sem starfa með einum eða öðrum hætti að söfnum, sýningum, setrum og annarri miðlun náttúru, menningar og sögu í Þingeyjarsýslu. Klasinn var stofnaður á Húsavík 15. júní 2009. AÞ hafði frumkvæði að formlegu samstarfi aðila og boðaði til undirbúningsfunda. Markmið Safnaþings er að stuðla að öflugum og metnaðarfullu starfi í menningarmiðlun í Þingeyjarsýslu. Félagið vinnur að sameiginlegri kynningu, aukinni fagmennsku og markaðsstarfi og er hagsmunasamtök þessara aðila.

Á árinu tók Safnaþing þátt í útgáfu vandaðs bæklinga um söfn og sýningar í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum í samstarfi við klasasamstarf Eyfirska safna og sýninga. Einnig studdi Safnaþing við sameiginlegt kynningarátak safna og sýninga á starfssvæðinu í Safnabókinni.



**Atvinnumálakönnun** fyrir 2009 var framkvæmd á vormánuðum 2010 með sama hætti og gert hefur verið, þar sem fjöldi starfsmanna og stöðugilda á starfssvæðinu (bæði sumar og vetur) eru færð inn í þar til gerðan gagnagrunn. Atvinnumálakönnunin hefur náð til alls starfssvæðis félagsins síðan 2006. Upplýsingarnar sem safnast eru mikilvægur mælikvarði á stöðu atvinnulífsins sem nýtist ekki aðeins í starfi og stefnumörkun félagsins heldur einnig í baráttu fyrir bættum atvinnu- og búsetuskilyrðum á Norðausturlandi. Þessi gögn eru ekki til annars staðar og með hverju árinu sem líður verða gögnin verðmætari þar sem lesa má úr þeim þróun yfir tíma. Það hefur komið æ betur í ljós hve nauðsynleg gögnin eru og um leið mikilvægi þess að þau séu sem marktækust.

Reynslan hefur sýnt að æskilegt væri að gera nokkrar úrbætur á grunninum sjálfum, auk þess sem brýnt er að innleiða vel skilgreinda verkferla til að tryggja gæði gagnanna. Þessar breytingar kosta bæði töluverða vinnu og nokkra sérþekkingu, en stefnt er að því að þær verði unnar í samstarfi við þekkingarnet Þingeyinga.

**Verslun í dreifbýli** (e. *Retail in Rural Regions* - RRR) er alþjóðlegt samstarfsverkefni sem AÞ er aðili að. Meginmarkmið verkefnisins er að styrkja verslun í dreifbýli en hún stendur víða höllum fæti. Áhersla verkefnisins er að styðja við faglega þekkingu og hæfni verslunareigenda og auka framboð og gæði ráðgjafar á vettvangi verslunarreksturs og koma á fót ráðgjafa- og fræðsluþjónustu fyrir þá sem reka litlar verslanir í dreifbýli. Jafnframt er ætlunin að hluti verkefnisins verði fólgin í því að greina og benda á með hvaða hætti opinberir aðilar geti betur stutt við verslunar- og þjónustustarfsemi í dreifðum byggðum.

Verkefnið sem hófst árið 2009 er til þriggja ára, stutt af NPP áætluninni og NORA með samstarfsaðilum frá Færeyjum, Finnlandi, Írlandi, N-Írlandi og Íslandi en aukabátttakendur koma frá Svíþjóð, Noregi og Grænlandi.

Í samstarfi við Rannsóknarsetur verslunarinnar var námskeið fyrir verslunareigendur í dreifbýli sett á laggirnar og er það kennt á Bifröst. Í lok árs fóru atvinnuráðgjafar, hver á sínu svæði, til fundar við stjórnendur og eigendur verslana í því skyni að kynna verkefnið og safna þátttakendum sem þiggja munu fræðslu og ráðgjöf í verkefninu allt árið 2011. Skemmst er að segja frá því að þátttaka varð mun meiri en vonir stóðu til og fyrstu viðbrögð verslanaeigenda benda til þess að mikil ánægja sé með þá fræðslu og ráðgjöf sem boðin er. Þannig hafa eigendur og stjórnendur verslananna þegar gert



fjölmargar breytingar sem allar eiga að miða að því að styrkja afkomu rekstrareininganna og tryggja þannig tilvist þeirra og þjónustu í framtíðinni.

Fyrsta námshelgin af þremur var haldin í janúar 2011 og lýkur námskeiðshaldi formlega í september. Alls taka 36 aðilar víðsvegar af landinu þátt í námskeiðinu, þar af sex fyrirtæki af starfssvæði AP. Gerður er samningur við þátttakendur sem auk námskeiðsins fá ráðgjöf í stefnumótun verslunarinnar sem felur í sér endurbætur og styrkingu á rekstri hennar.

**Verkefnisstjórn um uppbyggingu orkufreks iðnaðar** (VerkNaust) starfaði á grundvelli viljayfirlýsingar sveitarfélaganna – Norðurþings, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar – og ríkisins um samstarf á sviði orkurannsókna, orkunýtingar og atvinnuuppbyggingar á svæðinu og sat framkvæmdastjóri í verkefnisstjórninni f.h. félagsins. Megin starfið fólst í ákveðinni greiningu á aðstæðum og innviðum svæðisins og samskiptum við áhugasama orkukaupendur. Fyrir liggur að vinna frekari greiningarvinnu þar sem m.a. verði tekið á þeim hluta innviða sem snúa að ýmissi þjónustu, bæði opinberri og á einkamarkaði. Landsvirkjun sem réttthafi megin hluta virkjunarheimilda á svæðinu á nú í viðræðum við nokkra áhugasama kaupendur sem vonandi munu á næstu mánuðum eða misserum leiða til atvinnuuppbyggingar af þeirri stærðargráðu að dugi til að snúa íbúðarþróun héraðsins við.

## Hvatningarverðlaun AP

Í tengslum við aðalfund félagsins þann 19. maí nk. verða Hvatningarverðlaun AP afhent í tíunda sinn. Markmiðið með verðlaununum er að hvetja einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir til nýsköpunar og árangurs í rekstri með því að verðlauna það sem vel er gert á þessu sviði.

Handhafar verðlaunanna í þau nú skipti sem þau hafa verið veitt eru:



- 2010 – Stóruvellir ehf. og Handverkskonur milli heiða
- 2009 – Hótel Norðurljós - Erlingur Thoroddsen
- 2008 – Skóbúð Húsavíkur og Hvalasafnið á Húsavík
- 2007 – Garðræktarfélag Reykhverfinga
- 2006 – Meðferðarheimilið í Árbót
- 2005 – Silkiprent og fánar ehf.
- 2004 – Baðfélag Mývatnssveitar og Sel Hótel Mývatn
- 2003 – Fjallalamb hf.
- 2002 – Safnahúsið á Húsavík

## Rekstur ársins og framtíðarhorfur

Eins og ársreikningar bera með sér er rekstur félagsins í járnum og má segja að tekist hafi að skila honum við núllið með samningum við starfsmenn um tímabundnar skerðingar stöðuhlutfalla og lækun launa. Tekjur á milli ára drógust saman um tæp 30% sem liggur annars vegar í skerðingu grunnframlaga frá ríkinu sem greidd eru í gegnum Byggðastofnun, en þó aðallega í verulegum samdrætti í verkefnatekjum. Þannig dragast verkefnatekjur vegna Markþings/Húsavíkurstofu verulega saman þar sem því samstarfi lauk á árinu eins og áður hefur komið fram. Einnig eru verkefnatekjur frá vaxtarsamningi verulega lægri en á fyrra ári. Þá lækka ýmsar aðrar verkefnatekjur einnig verulega á milli ára.



Rekstrarkostnaður dróst saman um 30% á milli ára og munar þar mest um launakostnað vegna fækkunar starfsmanna, skerðingar á starfshlutföllum og launalækkana. Einnig dregst verkefnakostnaður verulega saman í takt við minnkandi verkefnatekjur. Fjármagnsliðir eru jákvæðir þannig að niðurstaða rekstrarreiknings er rekstrarhalli uppá 137 þús. á móti halla árið áður uppá 1,3 mkr. Eignir skv. efnahagsreikningi eru 44,9 mkr. og skuldir og skuldbindingar 54,2 mkr. og eru það fyrst og fremst skuldbindingar vegna vaxtarsamnings og samnings vegna yfirtöku eigna fyrrum Kísilgúrsjóðs. Eigið fé félagsins var því neikvætt um 9,2 mkr. í árslok, en eins og fram kom framar í skýrslunni var hlutfé félagsins aukið um 10 mkr. í upphafi árs.

Með hlutfjárukningunni má segja að efnahagsreikningi félagsins hafi verið komið á núllið eftir margra ára neikvæða eiginfjárstöðu. Til að unnt sé að viðhalda þeirri stöðu er ljóst að annað tveggja þarf að koma til, styrking á grunnfjármögnun félagsins eða enn frekari niðurskurður á starfsemi. Sé horft til niðurstaðna stefnumótunarvinnunnar er ljóst að bæði eigendur og aðrir haghafar í héraði líta svo á að mikilvægt sé að félagið geti áfram sinnt verkefnum sem snúa að ráðgjöf og handleiðslu við frumkvöðla og starfandi fyrirtæki. Jafnframt er félaginu ætlað að sinna verkefnum sem snúa að gagnaöflun um atvinnulíf og sóknartækifærum í atvinnumálum á svæðinu ásamt því að vera sameiginlegur vettvangur sveitarfélaganna í atvinnu- og byggðamálum. Eigi á annað borð að sinna þessum hlutverkum verður ekki séð að félagið þoli frekari niðurskurð.

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu var unnið að því að finna lausn á því að gera upp við prentsmiðju og koma í sölu bókum sem þáverandi starfsmaður félagsins samdi um án heimildar 2008. Gerður var samningur við Mývatnsstofu ehf. sem sér um sölu bókana og jafnframt samþykkti Héraðsnefnd Þingeyinga að gangast í bakabyrgð gagnvart AP komi til þess að gera þurfi upp halla vegna verkefnisins. Gildir sú ábyrgð út núverandi kjörtímabil nefndarinnar. Bækurnar fóru í nokkra dreifingu fyrir síðustu jól en sala reyndist dræm. Næsta sölutímabil er sumarið og markhópurinn erlendir ferðamenn, en bækurnar eru bæði á íslensku og ensku.

## Rekstrarreikningur ársins 2010

|                                             | Skýr | 2010              | 2009               |
|---------------------------------------------|------|-------------------|--------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                       | 13   |                   |                    |
| Styrkir frá Byggðastofnun .....             |      | 12.972.440        | 14.134.411         |
| Samstarfssamningar við sveitarfélög .....   |      | 8.533.045         | 7.904.503          |
| Húsavíkurstofa/Markaðsráð Þingeyinga .....  |      | 1.420.000         | 5.417.150          |
| Framlög frá vaxtarsamningi .....            |      | 8.750.000         | 11.910.000         |
| Framlög fyrirtækja og stofnana .....        | 2    | 7.512.095         | 11.086.872         |
| Aðrar tekjur .....                          |      | 7.096.156         | 14.424.401         |
|                                             |      | <u>46.283.736</u> | <u>64.877.337</u>  |
| <b>Rekstrargjöld</b>                        | 13   |                   |                    |
| Laun og launatengd gjöld .....              |      | 29.060.694        | 38.640.041         |
| Yfirstjórn og sameiginlegur kostnaður ..... |      | 7.151.946         | 6.263.425          |
| Verkefni .....                              |      | 10.329.219        | 21.885.095         |
| Birgðabreytingar verkefnastöðu .....        |      | 316.000           | 307.500            |
| Afskriftir .....                            | 3    | 264.996           | 286.359            |
|                                             |      | <u>47.122.855</u> | <u>67.582.420</u>  |
| <b>Rekstrartap</b>                          |      | (839.119)         | (2.705.083)        |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>   |      |                   |                    |
| Vaxtatekjur .....                           |      | 910.663           | 1.512.246          |
| Vaxtagjöld .....                            |      | (187.918)         | (485.307)          |
| Gengishagnaður .....                        |      | (20.637)          | 341.817            |
|                                             |      | <u>702.108</u>    | <u>1.368.756</u>   |
| <b>Tap ársins</b>                           |      | <u>(137.011)</u>  | <u>(1.336.327)</u> |



## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

| Eignir                                   | Skýr. | 2010         | 2009         |
|------------------------------------------|-------|--------------|--------------|
| <b>Fastafjármunir</b>                    |       |              |              |
| Varanlegir rekstrarfjármunir:            | 3     |              |              |
| Tölvubúnaður .....                       |       | 658.995      | 720.643      |
| Áhættufjármunir:                         |       |              |              |
| Eignarhlutir í öðrum félögum .....       | 4     | 3.136.887    | 7.374.759    |
| <b>Fastafjármunir samtals</b>            |       | 3.795.882    | 8.095.402    |
| <b>Veltufjármunir</b>                    |       |              |              |
| Birgðir .....                            | 5     | 925.500      | 1.241.500    |
| Viðskiptakröfur .....                    | 6     | 9.451.152    | 7.155.269    |
| Aðrar skammtímakröfur .....              |       | 186.695      | 218.583      |
| Handbært fé .....                        | 1.8   | 30.605.012   | 22.167.322   |
|                                          |       | 41.168.359   | 30.782.674   |
| <b>Eignir samtals</b>                    |       | 44.964.241   | 38.878.076   |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>               |       |              |              |
|                                          | Skýr. | 2010         | 2009         |
| <b>Eigið fé</b>                          | 7     |              |              |
| Hlutfé .....                             |       | 5.753.910    | 5.753.910    |
| Ójafnað tap .....                        |       | (14.944.296) | (14.807.285) |
|                                          |       | (9.190.386)  | (9.053.375)  |
| <b>Skuldir og skuldbindingar</b>         |       |              |              |
| <b>Skuldbindingar</b>                    | 8     |              |              |
| Eignir Kísilgúrsjóðs .....               |       | 17.475.589   | 17.643.739   |
| Vaxtarsamningur Norðausturlands .....    |       | 23.107.223   | 13.449.263   |
|                                          |       | 40.582.812   | 31.093.002   |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                  |       |              |              |
| Skuldir við lánastofnanir .....          |       | 0            | 2.541.497    |
| Viðskiptaskuldir .....                   | 9     | 5.840.337    | 2.633.460    |
| Ýmsar skammtímaskuldir .....             | 10    | 7.731.478    | 11.663.492   |
|                                          |       | 13.571.815   | 16.838.449   |
| <b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b> |       | 54.154.627   | 47.931.451   |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>       |       | 44.964.241   | 38.878.076   |